

- Bindandi álit um tollflokkun
- Kærufrestur
- Frávísun

Úrskurður nr. 11/1997.

Kærandi málsins A, óskaði eftir bindandi áliti um tollflokkun vöru sem samsett var af kartöflum og lauk. A taldi vöruna ekki tollflokkaða á réttan hátt og skaut því málinu til ríkistollanefndar. Málinu var vísað frá ríkistollanefnd þar sem frestur innflytjandans til að skjóta máli sínu til nefndarinnar var liðinn.

Lög nr. 55/1987, 100. gr., 101. gr., 142. gr.

Með bréfi, dagsettu 27. ágúst 1997, sem barst nefndinni 8. september 1997 kærir X ehf. bindandi álit um tollflokkun nr. 9700110 útgefið 1. júlí 1997. Í nefndu áliti tollflokkar tollstjórinn í P „A“ í tnr. 2005.2002. Kærandi telur að þar sem varan samanstandi bæði af kartöflum og lauk sé eðlilegt að hún tollflokkest undir „aðrar matjurtaföndur“ í tnr. 2005.9009. Að sögn kæranda skilaði hann kærinni inn til tollsjórans í P rétt fyrir mánaðamót. Hann segir starfsmann tollstjóra hafa mótttekið kærana með þeim orðum að hann kæmi henni til réttara aðila. Kærandi skilaði kærinni til nefndarinnar eins og áður segir þann 8. september 1997 og sama dag framsendi ríkistollstjóri samhljóða erindi sem hafði borist honum sama dag. Til svars erindinu tekur ríkistollanefnd fram að í 101. gr. tollalaga er fjallað um það hvaða skilyrði mál þarf að uppfylla til að ríkistollanefnd taki það til efnislegrar meðferðar. Þar segir: „Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.“

Það er ljóst að 60 daga frestur sem innflytjandi hafði til að skjóta máli sínu til nefndarinnar var liðinn er nefndarmönnum barst erindið í hendur. Af þeim ástæðum er máli þessu vísað frá.